Ed. **192. Frumvarp til laga** [25. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og lögum nr. 47 1958, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. des.)

1. gr.

Í stað „60“ í f-lið 2. gr. laganna komi: 150.

2. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs i.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

4. gr.

Í 8. gr. laganna falli niður ákvæði stafliðs d.

5. gr.

Í 10. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsgr. 14. gr. laganna falli niður.
b. Á eftir 1. málsgr. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

9. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

10. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

11. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

12. gr.

a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.
b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svofelld:

Heimilt er að synja manni um skírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

13. gr.

Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

15. gr.

Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

16. gr.

Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

17. gr.

Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

18. gr.

Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

19. gr.

Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

20. gr.

15. gr. laga nr. 47 1958 breytist þannig, að í stað orðanna „einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 36. gr.“ komi: og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 36. gr.

21. gr.

52. gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.